# MINNISBÓK AÐALRÁÐSTEFNU

RÁÐSTEFNA **ER KOMIN!**

ÞAÐ ER KOMINN TÍMI TIL AÐ STYRKJA VITNISBURÐ SINN, KOMA NÆR JESÚ KRISTI OG FÁ PERSÓNULEGA OPINBERUN.

Ég hef . . . beðið fyrir því að þessi ráðstefna verði hverju ykkar tími andlegrar endurnýjunar. Megi þessi ráðstefna vera ykkur tími friðar og andlegrar endurnæringar. Megið þið leita eftir og hljóta persónulega opinberun á þessum tíma."

*Russell M. Nelson forseti*[1]

# SPYRJIÐ

„Hrein opinberun um ykkar hjartfólgnu spurningar [mun] gera þessa ráðstefnu gefandi og ógleymanlega.“

*Russell M. Nelson forseti*[2]

## OG HLUSTIÐ SÍÐAN

Hafið þið einhverjar spurningar eða áhyggjur í huga ykkar núna? Kannski hafið þið áhyggjur af því að finna góða vini sem munu lyfta ykkur og hvetja. Þið gætuð velt því fyrir ykkur hvernig á að bæta sjálfsálit ykkar eða muna eftir guðlegri sjálfsmynd ykkar. Kannski eruð þið að reyna að ákveða hvaða háskóla þið viljið sækja um í. Kannski hafið þið bara almennar áhyggjur af framtíðinni, með svo miklum átökum og reiði í heiminum.



# HVAÐ LIGGUR ÞÉR Á HJARTA?

Þið munið fá meira út úr aðalráðstefnunni ef þið hafið spurningar ykkar og áhyggjur í huga. Drottinn mun hjálpa ykkur að finna svör þegar þið ljúkið upp hjarta ykkar og hlustið á þjóna hans.

Spurningar:

Svör:

Guð mun vissulega heiðra sáttmála sína og fyrirheit fyrir hvert okkar. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því. . . . Við gerum okkar besta, en verðum að leyfa honum að stjórna blessunum, bæði stundlegum og andlegum.“

*Öldungur D. Todd Christofferson*[3]

# LÆRA MEÐ ÞEMA

Hafið þið fundið einhver þema í ræðunum sem þið hafið hlustað á? Eru einhver þar mikilvæg fyrir ykkur núna?

Þema:

Hvað þetta þýðir fyrir mig:



**VILJIÐ ÞIÐ EKKI SKRIFA?**

Enginn sagði að þið yrðuð að skrifa ráðstefnuglósur ykkar. Þið gætuð þess í stað teiknað glósurnar ykkar, ef það hjálpar ykkur að fanga hugsanir ykkar betur. Gerið það sem virkar fyrir ykkur!

# TILFINNINGAR MÍNAR OG HUGHRIF:

„Með þessum þremur orðum – ‚hlýðið á hann' – gefur Guð okkur forskrift að farsæld, hamingju og gleði í þessu lífi. Okkur ber að *hlýða á* orð Drottins, *hyggja að* þeim og *hlíta* því sem hann segir!“

*Russell M. Nelson forseti*[4]

## UPPÁHALDS RÆÐA

Eigið þið uppáhalds ræðu á þessari ráðstefnu sem þið hlustuðuð á? Íhugið að skrifa niður nafn ræðumannsins, um hvað ræðan er og hvers vegna hún höfðaði til ykkar.

# TÍMI TIL ÍGRUNDUNAR

Þegar ráðstefnan er búin, er kominn tími til að vinna í því sem þið heyrðuð og funduð. Hér eru nokkrar spurningar til að koma ykkur af stað:

- Hvaða einn hlut get ég einblínt á í framhaldinu?
- Er eitthvað í lífi mínu sem mér finnst ég þurfa að breyta?
- Hvernig get ég styrkt vitnisburð minn um lifandi spámenn?
- Hvernig getur elska mín til frelsarans vaxið?
- Er eitthvað sem ég get gert til að hlýða betur á hann í daglegu lífi?
- Aðrar spurningar sem þið hafið:

„Já, við eigum að læra af fortíðinni, og já, við eigum að búa okkur undir framtíðina. Aðeins *núna* er það mögulegt. *Núna* er tíminn sem við getum lært. *Núna* er tíminn sem við getum iðrast. *Núna* er tíminn sem við getum blessað aðra.“

*Russell M. Nelson forseti*[5]

**ÞURFIÐ ÞIÐ FLEIRI EINTÖK?**

Hlaðið þessari minnisbók niður og prentið hana á **conference.ChurchofJesusChrist.org**.

**HEIMILDIR**


1. Russell M. Nelson, „Prédika fagnaðarboðskap friðarins,“ (*aðalráðstefna*, apríl 2022).
2. Russell M. Nelson, „Hreinn sannleikur, hrein kenning og hrein opinberun,“ *aðalráðstefna*, október 2021.
3. D. Todd Christofferson, (*aðalráðstefna*, apríl 2022).
4. Russell M. Nelson, „Hlýð þú á hann,“ (*aðalráðstefna*, apríl 2020).
5. Russell M. Nelson, „Núna er tíminn,“ (*aðalráðstefna*, apríl 2022).



© 2023 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.

LEYFI TIL ENDURPRENTUNAR ÞESSA BÆKLINGS ER HEIMILUÐ TIL EINKANOTA EN EKKI Í AUGLÝSINGASKYNI. ÞETTA FELUR Í SÉR LEYFI DEILDARLEIÐTOGA TIL AÐ PRENTA NOKKUR EINTÖK FYRIR ÞÁ SEM ÞEIR ÞJÓNA VEGNA KÖLLUNAR SINNAR. BÆKLINGURINN VERÐUR AÐ VERA PRENTAÐUR Í HEILD SINNI. ÞETTA FELUR EKKI Í SÉR LEYFI TIL AÐ SETJA INNLEGG Á NETIÐ, NOTA EFNIÐ Í ÖÐRUM TILGANGI EÐA DREIFA ÞVÍ. ÖLL ÖNNUR NOTKUN Á ÞESSU EFNI KREFST LEYFIS.

**permissions.ChurchofJesusChrist.org**



KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU